



Skipulags- og byggingarfulltrúi

Norðurþing

Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis: Þverá Yggdrasill

Málsnúmer: 202405042

Leyfishafi:

Yggdrasill Carbon ehf, kt. 480620-2080

Forsvarsmaður: Ríkey Ásta Þorsteinsdóttir

Leyfisveitandi:

Norðurþing

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- Umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 13. maí 2024.
- Hnitsettur uppdráttur af afmörkun lands.
- Greinargerð umsækjanda dags. 22. maí 2024.
- Ræktunaráætlun (bráðabirgða).
- Umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga dags. 6. júní 2024.

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi til skógræktar á 128 ha svæði í Hvammsheiði í landi Þverár í Reykjahverfi er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Norðurþings 27. júní 2024 er hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á lóðinni Þverá Yggdrasill (landnúmer xxx.xxx) skv. neðangreindum skilmálum.

Gildistími framkvæmdaleyfis: Leyfi tekur gildi 1. júlí 2024 og er ótímabundið.

Svæði: Framkvæmdaleyfi nær til skilgreindrar landspildu Þverá Yggdrasill, lnr. xxx.xxx.

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

- Framkvæmdaleyfi þetta er veitt skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Framkvæmdaleyfi er skilyrt af ákvæðum landafnotasamnings við landeiganda.
- Framkvæmdaleyfi er skilyrt af þeim gögnum sem lögð voru fram með umsókn og tilgreind eru hér að framan.
- Leyfishafi skal skila inn til skipulagsfulltrúa fullunninni skógræktaráætlun áður en framkvæmdir hefjast.
- Leyfishafi skal skila inn skýrslu um minjaskráningu þegar henni er lokið, sem og umsögn Minjastofnunar um minjaskráninguna.
- Framkvæmdaleyfishafi skal afla samþykkis Norðurþings fyrir frávikum frá samþykktum gögnum vegna framkvæmdaleyfisins.

Eftirlitsmaður með framkvæmdaleyfi er Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings

Útgáfudagur: 1. júlí 2024.

F.h. Norðurþings

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings